

Fundur 23.10.2023 Jack Tomlin var leynipjónustumaður í USA.

Komið þið öll blessuð og sæl.

Blessaður og velkominn.

Tölum við hér úr stórrí stjörnusambandsstöð og viljum gjarnan veita ykkur hlutdeild í því og hefur líf mitt stöðugt farið batnandi eftir því sem ég hef verið lengur á þessari framlífs jörð.

Og er hér margt að læra og uppgötva í nýjum líkama og hefur mér fundist það æ mikilvægara eftir því sem ég hef verið hér lengur að þjóðirnar stillist saman og taki saman höndum um mikilvæg framfara mál og er það undarlegt að framlífs hnettirnir þurfa á því að halda að framlífs hnettirnir komi á sömu vegferð lífstefunnar, og mín fjölmenna þjóð er ekki laus við vandamál hér í framlífi.

Og hefði gagn að því að tengja sig betur við Guði og Gyðjur á öðrum framlífs hnöttum og þar kemur inn í samband okkar við ykkar Íslensku þjóð og möguleika ykkar til að verða sú forystuþjóð sem spáð var fyrir í fornum ritum og hefur áhugi okkar á þessum hnetti ekki dvínað á þeim fræðum og urðum við nýlega að skoða aðkomu okkar að styrjöld þeirri sem geisaði og einn landsmanna okkar hefur gengt miklu hlutverki í því og teljum við Íslendinga einnig hafa gengt miklu hlutverki í því mikla starfi sem hann hefur unnið í framlífi.

Hef ég að undanförunum árum dregið mig úr þeim erfiðu verkefnum sem ég hef sinnt, þar sem önnur hugarefni hafa átt hug minn allan, eins og að mennta mig í nýjum starfsgreinum og sinna fjölskyldu og vinum.

Er það nú svo að þegar ég kom yfir, var mér ætlað að vinna í sömu starfsgrein og ég hafði sinnt á jörðinni og hafði ég starfað við það fag um áraraðir og sætti ég mig við það um langt skeið.

En í því starfi varð ég að fórna ýmsu þar sem leyndin er mikil og leyndin var mikil og segja má að sú menning sem að ég hafði þekkt best hafi breyst og nútíminn krefjist annarra vinnubragða og viðhorfa.

Á það einnig við okkar hnött hér og verð ég að segja að sú gagnrýni sem náði til mín og fann ég til þess að leyndarhyggjan hamlaði mér mjög mikið í starfi mínu og persónulegu lífi.

En aðstæður okkar sem starfa í þessu starfi eru þannig að seint eða aldrei er hægt að losna undan öllum þeim kvöðum sem því fylgja, eins og fylgni við ákveðinn málstað og leyndarhyggju, þar sem við höfum þurft að hafa afskipti af þegnum okkar og innflytjendum og samskiptum við önnur ríki, lönd og þjóðir.

Og það breytist ekki þegar hingað yfir er komið að yfir því mörgu hvílir þagnarhjúpur, en svo gerðist það að land okkar og þessi hnöttur gekk í gegnum breytingar í kjölfarið á því að stórir hópar þeirra kristnu trúarbragða sem höfðu áhrif á marga sem hér bjuggu, en hugmyndir breyttust þar sem bylgja kom frá lífstefnu hnöttunum í þá átt að fólk tók að efast og við það breyttust stjórnmálin þannig að almenningur fór að efast um hollnustu við gömlu flokkana og sá hvernig gömlu valdaflokkarnir á jörðinni hafa sambönd við þá trúarhópa og var það kallað spilling, sem það vissulega er og varð að gera breytingar í kjölfarið á því.

Var ég leynipjónustumaður og starfaði ég hér um langt árabil og er ég kom á þessa framlífs jörð við svipuð störf en það hefur nú eitthvað breyst og vinn ég nú að endurskipulagningu eins og margir aðrir af mínu þjóðerni á þessum stofnunum.

Og höfum við lyft leyndarhulunni af mörgum þeim verkefnum sem ekki mátti fjalla um og er þar á meðal samskiptin við geimverur og afneitun á því á gömlu jörðinni sem fylgt hefur eitthvað til okkar.

Hef ég hér á nýjum hnetti að undanförunu skoðað fossa og skóga þessa hnattar og tekið þátt í fjölþjóðlegum verkefnum annarra þjóða hér á hnettinum í þá átt að minnka þessa spillingu sem ég nefndi.

Er ég Bandarískur maður, er nafn mitt Tomlin, Jack Tomlin.

*Jack Tomlin?*

Já.

*Velkominn.*

Takk fyrir.

Höfum við fundið fyrir því að sumar af þessum breytingum hafa náð yfir til gömlu jarðarinnar ykkar og hefur það valdið aukinni spennu á milli flokkanna og þarf að senda þeim orku til að jafna úr þeim ágreiningi og komast að góðri niðurstöðu áfram.

Ég er ekki af þeim hnetti þar sem forfeður okkar hafa margir til ykkar talað og er þar orkan mikil og viljum við gjarnan að orka þeirra nái til ykkar og er þar forsetinn Georg Wasington, en er hér hjá okkur forsetinn Kennedy.

*Já John F.?*

Já.

*Já, já, já, gaman að heyra það.*

Mikil orka frá þeim komin og getið þið fengið hlutdeild í því, þeim sem eru lengra komin og birtast hér í salnum fornmenn okkar og magna fundina og höfum við vitað til þess að þeir hafi komið í sambandið, er það gleðiefni.

*Já, já.*

Verð ég nú að kveðja og þakka ég fyrir og vona að ég komi síðar.

Veri þið blessuð.

*Þakka þér fyrir komuna og vertu velkomin aftur, blessaður.*

Takk fyrir.

*Blessaður.*